# Sýslumaðurinn

í

# Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

KUNNGJÖRIR: að jeg samkvæmt uppástungu hlutaðeigandi sýslunefndar hjer með skipa Ólaf Bjarnason, óðalsbónda á Brimilsvöllum til hreppstjóra í Fróðár hreppi innan Snæfellsnes- sýslu í Vestur amtinu, með öllum þeim rjettindum og skyldum, sem hreppstjórar hafa að lögum.

Hann skal því ætíð, eins og honum allraþegnsamlegast ber, vera hlýðinn, hollur og trúr Danakonungi, sem sínum rjetta konungi og herra, og með allri alúð og árvekni gegna köllun sinni; hann skal og hvervetna dyggilega framkvæma það, sem yfirvaldið skipar honum, og ætíð breyta eins og heiðvirðum, vönduðum og duglegum hreppstjóra ber og vel sæmir, og eins og hann treystir sjer til að rjettlæta og vill vera þekktur að, samkvæmt eiði þeim, er hann í því skyni skal vinna.

Íbúum hreppsins er með brjefi þessu skipað og alvarlega boðið, að leita nefnds hreppstjóra Ólafs Bjarnasonar í öllum þeim málefnum, sem hreppstjórn snerta, og að vera honum hlýðnir og aðstoðarfúsir í öllu því, er hann í laganna nafni og yfirvalda umboði fyrir skipar, að viðlagðri lagahegningu, ef út af er brugðið.

Stykkishólmi 15. maí 1925.

**Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.**

P. V. Bjarnason

# Skipunarbrjef

**fyrir**

Ólaf Bjarnason, óðalsbónda á Brimilsvöllum, til þess að vera hreppstjóri í Fróðárhreppi innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.